

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3314/90**

frá 16. nóvember 1990

**um aðlögum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í flutningum á vegum að tækniframförum**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum <sup>(1)</sup>, einkum 17. og 18. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun á rafeindaskráningarbúnaði við flutninga á vegum, einkum með því að rofinn sé straumur á veglengdar- og hraðaskynjum.

Á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála er hægt að sjá til þess að straumrof komi greinilega fram á skráningarblöðunum sem ætti að auðvelda beitingu þessarar reglugerðar og draga úr þess háttar misnotkun.

Rétt er að beita þessari nýju tækni í bandalagsstöðlum um gerð og ísetningu rafeindaskráningarbúnaðar.

Til þess að tryggja áreiðanlegt eftirlit og einkum rétta skráningu aksturstíma ætti skráning aksturstíma að vera sjálfvirk og sá tími þegar ökumaður er ekki að aka ökutækinu ætti að vera skráður í samræmi við merki á rofabúnaðinum.

Í þeim skráningarbúnaði sem er þegar í notkun er þess konar sjálfvirk skráning aksturstíma gerleg og því ætti, á grundvelli reynslunnar og núverandi stöðu tæknimála, að samþykkja bandalagsstaðla um gerð skráningarbúnaðar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í reglugerð þessari eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 að tækniframförum,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3821/85 :

1. Í II. kafla er eftirfarandi lið bætt við:

„7. fyrir rafeindaskráningarbúnað, sem er búnaður er rafrænt sendir merki frá veglengdar- og hraðaskynjara, í hvert sinn er straumrof, sem varir leng-

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 370, 31. 12. 1985, bls. 8.

ur en 100 millísekúndur, verður á skráningarbúnaði (að ljósum undanskildum), á veglengdar- og hraðaskynjara og ef boð til skynjara eru rofin.

2. Undir a-lið „Almenn atriði“ í III. kafla komi eftirfarandi ákvæði í stað liðar 1.3:

„1.3. Ritunaroddu sem merkir sérstaklega inn á skráningarblaðið:

— í hvert sinn sem kassinn með blaðinu er opnaður,

— fyrir rafeindaskráningarbúnað, sem um getur í 07.-lið II. kafla, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millísekúndur verður á búnaðinum (að ljósum undanskildum) og eigi síðar en um leið og straumur er settur á aftur,

— fyrir rafeindaskráningarbúnað sem um getur í 07.-lið II. kafla, í hvert sinn er straumrof sem varir lengur en 100 millísekúndur verður á veglengdar- og hraðaskynjara og ef boð til skynjara eru rofin.“

3. Undir c-lið „Skráningartæki“ í III. kafla komi eftirfarandi ákvæði í stað liðar 4.1:

„4.1. skráningarbúnaðurinn skal þannig gerður að hann skrái aksturstímamann algjörlega sjálfvirk og að með notkun skiptirofa, ef þörf krefur, sé hægt að skrá sérstaklega önnur tímabil eins og kemur fram í b–d-lið í öðrum undirlíð 3. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.“

*2. gr.*

Frá og með 1. júlí 1991 veita aðildarríkin ekki EBE-viðurkenningu fyrir skráningarbúnað sem er ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

*3. gr.*

Frá og með 1. janúar 1996 skal skráningarbúnaður allra nýrra ökutækja sem tekin eru í notkun í fyrsta skipti vera í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, eins og henni er breytt með þessari reglugerð.

*4. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi þremur dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. nóvember 1990.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karel VAN MIERT

*framkvæmdastjóri.*

---